

**75** að gera opinberlega reikningsskil fyrir sjóðnum, alveg á sama hátt eins og 10. júní fyrir fje annara opinberra sjóða, er undir stjórn hans eru.

Reykjavík 26. apríl 1898.

Landshöfðinginn yfir Islandi

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

**76**  
27. júlí

## Auglýsing

Yfirstjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi gjörir hjer með samkvæmt 13. gr. laga 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan spítala, kunnugt öllum almenningi og sér í lagi hér- aðslæknum og aukalæknum, og sveitar- og bæjarstjórnnum, að spítali sá handa holdsveikum mönnum, sem verið er að byggja í Lauganesi við Reykjavík, verður fullgjör og til afnota 1. október næstkomandi.

Frá þeim degi verða holdsveikir menn, sem yfirstjórn spítalans hefir veitt inntöku á spítalann, teknir til hjúkrunar þar.

Umsóknir um inntöku á spítalann skulu stýlaðar til spítalalæknisins, en sendar hlutadeigandi hjerads- eða aukalækni, sem ritar á þær álit sitt, og sendir þær síðan til spítalalæknisins. Þegar beðið er um inntöku fyrir holdsveikan mann samkvæmt 7. og 8. gr. fyrnefndra laga, skal hlutadeigandi sveitar- eða bæjarstjórn semja og undirskrifa umsóknina, en annars semur sjúklingurinn umsóknina sjálfur eða fjárráðamaður hans, sé hann eigi fullveðja, sbr. 4. gr. í lögum 4. febr. 1898, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.

Umsóknir, sem ritadar eru fyrir 1. október þ. á., skulu sendar meðundirskrifuðum hjeradslækni Guðmundi Björnssyni í Reykjavík.

Í umsókninni skal standa fullum stöfum skirnarnafn hins holdsveika og föðurheiti, aldur, fæðingarstaður, og heimili; sje sjúklingurinn fulltíða, skal þess getið, hvort hann sé giptur, og hvort hann eigi börn. Ennfremur skal, að svo miklu leyti, sem unt er, gjöra grein fyrir því í umsókninni, hvort holdsveikin sje hnútótt eða sljett og á hvaða stígi hún sje. Þess skal einnig getið, hvort sjúklingurinn hafi eða hafi áður haft nokkurs konar geðveiki, og að lokum, hvort nokkrar sérstakar ástæður mæli með eða móti inntöku hans á spítalann.

Hver holdsveikur maður skal hafa með sjer tvönnan sæmilegan alfatnað, þegar hann kemur á spítalann, þar með talinn nærfatnað. Ef sjúklingurinn deyr á spítalanum, eignast spítalinn fót hans. Ef eitthvað vantar í fatnað hins holdsveika þegar hann kemur, eða álitu ráðsmaður eitthvað af honum miður nýtílegt, þá ber að útvega það, sem á vantar á kostnað þess, er sótti um inntöku á spítalann.

*Engan má senda á spítalann, nema fengið sje leyfi yfirstjórnarinnar til inntökunnar.*

Yfirstjórn holdsveikraspítalans, Reykjavík 27. júlí 1898.

*J. Havsteen. J. Jónassen. G. Björnsson.*